



FÉL403

Vor 2012 Verkefni 4.

Sálfræðitilraun (gildir 12% af námsmati annar).

Markmið:

Markmið verkefnisins er að nemendur þjálfist í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og læri um leið að beita aðferðum félagsvísinda og sálfræði á

ákveðið viðfangsefni.

Vinnulag:

- Verkefnið getur verið einstaklingsverkefni eða unnið af litlum hópum, 2-3 manna.
- Gera skal einfalda tilraun þar sem notaðar eru ein til tvær frumbreytur, einni frumbreytu stjórnað, og ein fylgibreyta, helst raðbreyta.
- Mælingar skulu vera að lágmarki 20, meira ef 3 manna hópur. (fer þó eftir rannsóknarsniði og samráði við kennara)
- Niðurstöðum skilað til kennara í skýrsluformi inn í möppu í Moode þar sem rannsóknarsniði er lýst og helstu niðurstöður.
- Í niðurstöðum skal koma fram: Núlltilgáta, Fylgni (R) og skýring (R^2) og marktækni ef það passar við rannsóknarsniðið en annars gæti það verið í samráði við kennara hvaða upplýsingar koma fram, gæti verið meðaltal eða prósentuhlutfall.
- Skiladagur: 8. mars.
- Dæmi um möguleg verkefni:
 - Minnishæfni á mismunandi tíma dags eða við mismunandi aðstæður.
 - Hugsanaflutningur milli manna, t.d. spil.
 - Áhrif kyns á hegðun 3ja aðila við einhverjar aðstæður.
 - Áhrif hegðunar á samskipti, t.d. orðanotkun, nálgun eða önnur brot á viðmiðum. .
 - Afköst undir eftirliti og án eftirlits.
 - Áhrif fólks á hegðun annarra
 - Eitthvað sem ykkur dettur í hug að sé áhugavert að skoða.
 - Gætuð kíkt á: <http://psych.hanover.edu/research/exponnet.html> eða bara leitað á Google að [psychology experiments](#)

Matskvarði fyrir verkefni 4.

Vinna lögð í tilraun 25%

Valin tilraun sem er langt í frá einföld í framkvæmd, töluver vinna lögð í undirbúning og framkvæmd.	A B C D E	Einfaldasta leiðin farin í tilraun, lítill sem enginn undirbúningur og framkvæmd stutt en þó fullnægjandi
--	-----------	---

Nákvæmni í vinnubrögðum 15%

Mikið unnið í því að reyna að útiloka mæliskekkjur, t.d. með því að hafa röð handahófskennda, útiloka ytra áreiti. Mælitæki prófuð áður en eiginleg tilraun er framkvæmd.	A B C D E	Ekki hugsað út í mögulegar mæliskekkjur vegna mælingarraðar eða ytra áreitis. Mælitæki ekki prófuð.
---	-----------	---

Niðurstöður og framsetning þeirra 35%

Niðurstöður skýrar og unnið með fylgnistuðla, núll tilgátu og marktækni á réttan hátt. .	A B C D E	Niðurstöður ekki unnar í samráði við kennara og úrvinnsla úr tölulegum gögnum marklaus eða losaraleg. .
--	-----------	---

Frágangur og skipulag skýrslu 25%

Vel sett upp, rétt forsíða, efnisyfirlit, blaðsíðutal, skynsamleg kaflaskipti, töflur og myndir númeraðar. Skýr umræða um tilraun og hvernig hún var framkvæmd. Einnig fjallað um rannsóknaraðferðir, úrtaksaðferð og forrit notuð í vinnslu.	A B C D E	Vantar verulega á útlit, ekki blaðsíðutal eða forsíða. Töflur illa unnar og óskýrar eða bæta engu við. Lítil umræða um tilraunina og hvernig hún var framkvæmd eða þær aðferðir sem notaðar voru til að ná fram niðurstöðu. .
---	-----------	---